

138. löggjafarþing 2009–2010.

1. mál.

Alþingi
Erindi nr. P 138/812
komudagur 18.12.2009

Álit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Arason, Lúðvík Guðjónsson, Elínu Guðjónsdóttur, Sigurð Guðmundsson og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti. Umfjöllun nefndarinnar í þessu máli er reist á 3. másl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Fulltrúar ráðuneytisins gerðu nefndinni grein fyrir breytingum á lánsfjárheimildum sem gerðar voru á fjárlagafrumvarpi 2010 við 2. umræðu og nema þær nú um 460 milljörðum kr. Helming heimildarinnar á að nýta til innlendar lántöku, þar af eru 135 milljarðar kr. vegna afborgana á gjalddaga, 85 milljarðar kr. vegna halla á ríkissjóði og 20 milljarðar kr. vegna eiginfjárframlaga ríkis til sparissjóða. Erlend lántaka á næsta ári er heimil 220 milljarðar kr. og varðar hún lán samstarfsþjóða vegna fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Á fundinum var sérstaklega rætt hvernig fara með skuldbindingar í reikningum ríkisins og áhersla lögð á að bókhaldið væri gagnsætt. Þá var vísað til þess að umræða um þessi mál væri í brennidepli á vettvangi OECD.

Nefndin fékk kynningu á uppfærðri tekjuáætlun fyrir árið 2010 þar sem fram kom það mat fjármálaráðuneytis að tekjur yrðu 3,2 milljörðum kr. meiri á rekstrargrunni en í fyrri áætlunum. Fulltrúar ráðuneytisins tóku fram að óvissa væri mikil en uppfærslan byggðist á innheimtum tekjum fyrir desember auk samtala við starfsmenn Hagstofu Íslands um þjóðhagsförsendur. Reiknað er með að skattar á tekjur og rekstrarhagnað hækki um 700 millj. kr., tryggingagjöld um 900 millj. kr. og skattar á vöru og þjónustu um 1,6 milljarða kr.

Meiri hlutinn vekur athygli fjárlaganefndar á að iðnaðarnefnd hefur vísað til efnahags- og skattanefndar tveimur stjórnarfrumvörpum til umsagnar, annað varðar fyrirframgreiðslu tekjuskatts (mál nr. 318) en hitt heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ (mál nr. 320).

Meiri hlutinn fagnar batnandi horfum á tekjuhlið ríkisrekstrarins.

Alþingi 18. des. 2009.

Helgi Hjörvar, form.,
Lilja Mósedóttir,
Magnús Orri Schram,
Ögmundur Jónasson,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.